

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	05.10.2016
Málalyki	05.61
Mál nr.	1610050

Camerarctica

c/o Ármann Helgason

Markarflöt 7, 210 Garðabæ

03.10.2016

Ágæta Menningar- og safnanefnd,

Kammerhópurinn Camerarctica heldur sína árlegu tónleika undir yfirsiftinni "Mozart við kertaljós" í Garðakirkju laugardaginn 21. desember 2016. Þetta verður tuttugasta og fjórða árið sem tónleikaröðin hljómar en fyrstu tónleikarnir voru haldnir fyrir jólin árið 1992. Tónleikarnir hafa verið haldnir í fjórum kirkjum undanfarið ár þ.e í Hafnarfjarðarkirkju, Kópavogskirkju og Dómkirkjunni í Reykjavík en Garðakirkja bættist við tónleikaröðina árið 2008. Tónleikarnir hafa síðan þá tekist einstaklega vel til enda bæjarbúar ánægðir með að fá þessa árlegu klassísku tónleika inn í tónleikaflóru Garðabæjar og hefur kirkjan ávallt verið þétt setin.

Meirihluti kammerhópsins Camerarctica býr eða tengist Garðabæ þannig að það var löngu orðið tímabært að bæta þessari sérlega vel hljómandi og fallegu kirkju inn í tónleikaröðina okkar. Meðlimir Camerarctica eru mjög virkir í tónlistarlífinu og leika bæði með Sinfóníuhljómsveit Íslands og virtum kammerhópum. Fastir meðlimir hópsins eru Ármann Helgason klarinettuleikari, Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir og Bryndís Pálsdóttir fiðluleikarar, Guðrún Þórarinsdóttir og Svava Bernharðsdóttir víóluleikarar og Sigurður Halldórsson sellóleikari.

Camararctica leitar nú til Menningamálanefndar eftir styrk vegna tónleikanna.

Kostnaður vegna tónleika í Garðakirkju, 21. des. 2016 "Mozart við kertaljós":

Auglýsingar og kynningastjórnun, veggspjöld, efnisskrár, Kirkjuleiga, kerti,

uppsetning á stökum og ýmis annar kostnaður: Kr.120.000

Laun til flytjenda:

Kr.245.000

Tekjur vegna tónleikanna: Við höfum aðgangseyrinn í algjöru lágmarki eins og undanfarinn ár svo allir geti komið og notið þess að hlusta á ljúfa tónlist eftir Mozart. Mörgum þykir ómissandi að koma úr miðri jólaöðinni inn í kyrrðina og kertaljósinn í rökkriinu og því tónleikarnir orðnir fastur liður hjá mörgum.

Aðgangseyrir(helmingsafsláttur fyrir eldri borgara og nemendur, frítt fyrir börn.)
auk boðsgesta.

Áætlað:

Kr. 125.000

Sótt er um styrk vegna tónleika " Mozart við kertaljós " í Garðakirkju 2016.

kr.240.000

Virðingarfyllst, fyrir hönd Camerartica,

